

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Theodór Johnson, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Benedikts Benediktssonar, Jóhannesar Benediktssonar, Sigtryggs Jónssonar og Ríkissjóðs Íslands, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndum in solidum kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1939.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**
 gegn

Þóru Guðmundsdóttur

Úrskurðuð framhaldsrannsókn í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1937, hefir krafizt þess aðallega, að málsmeðferð og dómur í héraði verði ómerktur.

Þann 15. des. 1936 krafðist stefnda höfðunar barnsfaðernismáls þessa, og voru þá liðin meira en 4 ár frá 4. nóv. 1932, er barn hennar fæddist.

Með skirskotun til 2. málsg. 8. gr. laga nr. 46/1921, er þá voru í gildi, telur áfrýjandi mál þetta of seint höfðað, þar sem ráðherra hafi eigi lengt málshöfðunarfrestinn, sem var ákveðinn eitt ár frá fæðingu barns, sbr. nú 6. málsg. 211. gr. laga nr. 85/1936. Í meðferð málsins í héraði kom þetta atriði eigi fram, og í áfrýjunarstefnu er engin krafa gerð í þessa átt. Verður ómerkingarkrafan þegar af þessari ástæðu eigi tekin til greina.

Í málinu er það fram komið, að stefnda hafi kveldið 3. febr. 1931, að því er hana minnir, hafzt við í herbergi á Hótel Heklu hér í bæ fram til klukk-an að ganga 2 eftir miðnætti með Ágúst nokkrum Benjamínssyni. Telur áfrýjandi þau stefndu og Ágúst þenna munu þá hafa haft holdlegar samfarir. Stefnda hefir að visu neitað því, að svo hafi verið, en eftir atvikum þykir nauðsynlegt, að stefnda og nefndur Ágúst verði krafín nákvæmrar skýrslu um þessi atriði, svo sem um það, hvernig kunningsskap þeirra hafi áður verið háttað, hvernig það atvik-aðist, að stefnda kom á hótélherbergi hans, hvort þau sátu þar að drykkju, og verði Ágúst sérstaklega um það spurður, hvort hann hafi þá haft samfarir við stefndu og stefnda spurð um það, hvenær hún hafi síðast haft tíðir áður en hún ól barnið.

Svo ber og að afla skýrslna um hver þau önnur atriði, er framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Ómerkingarkrafan verður ekki tekin til greina.

Héraðsdómaranum ber að afla framan-greindra skýrslna svo og skýrslna um önnur þau atriði, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.
